

Mál nr. 122/2018

**M og
V v/ lögboðinnar ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um sök

Gögn.

Málskot, mótttekið 13.4.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð á Miðhúsabraut við Þórunnarstræti á Akureyri. M, ökumaður bifreiðarinnar A ók vestur Miðhúsabraut og hugðist taka u-beygju við Þórunnarstræti. Á sama tíma var bifreiðinni B einnig ekið vestur Miðhúsabraut, á eftir bifreiðinni A. Þegar bifreiðarnar nálguðust gatnamótin hægði ökumaður A verulega á ferðinni og beygði til vinstri í veg fyrir bifreiðina B, en ætlun hans var að taka svokallaða u-beygju. Ökumaður B hemlaði og beygði til vinstri upp á umferðareyju í því skyni að forða árekstri. Árekstrinum varð ekki forðað og rákust bifreiðarnar saman hinum megin við umferðareyjuna á akrein sem ætluð er fyrir akstur umferðar úr gagnstæðri átt.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi tekið u-beygju með röngum hætti og eigi því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögn.

Lúðvík Bergvinsson lögm.